

Bæjarhátíðin Heim í Búðardal 2022 var haldin dagana 30. júní til 3. júlí sl.

Á fimmtudeginum buðu Stefanía Björg Jónsdóttir og Jón Egill Jónsson ungum sem aðeins eldri upp á sápubolta á íþróttavellinum niðri í dal og um kvöldið spilaði Gummi Sveinn á Vínlandssetrinu sem gaf íbúum og gestum tækifæri til að hita upp fyrir helgina.



Á föstudeginum var sýningin „Sé (að Nýp)“ opin að Nýp á Skarðsströnd, gleðistund og lifandi tónlist á Hótel Laugum í Sælingsdal og KM þjónustan bauð upp á grillaðar pylsur á planinu hjá sér. Þegar leið á kvöldið tók við Karnival-stemming niðri við Vínlandssetur þar sem spiluð var risa-mylla og fleiri hressir leikir ásamt því að farið var í skyrkast þar sem Skúli Hreinn Guðbjörnsson sveitarstjórnarfulltrúi fórnaði sér sem skotmark. Vínlandssetrið hafði opið fyrir drykki og að því loknu var uppistand með Sóla Hólm í Dalabúð þar sem gestir voru yfir 180 manns.





Á laugardeginum var opið á Eiríksstöðum og hægt að grilla brauð yfir eldi. Þá var Vestfjarðavíkingurinn á sínum stað, Katrín Lilja Ólafsdóttir sá um morgunmat fyrir víkingana áður en þeir héldu af stað í Uxagöngu og Bóndagöngu niðri við Vínlandssetur. Aftur var boðið upp á gleðistund og lifandi tónlist á Hótel Laugum. Dalamaður ársins var tilkynntur en það var hún Rebecca Cathrine Kaad Ostenfeld í Hólum sem hlaut titilinn í ár og átt hann svo sannarlega skilið fyrir frábært starf í dýragarðinum og endalusa gleði sem hún dreifir í kringum sig á hverjum degi. Íþróttafélagið Undri var með Undrabrautina þar sem m.a. var keppt í pokarjómameyting, stígvélakasti og barnsburði. Froðurennibrautin vakti lukku sem oft áður og þar stóð slökkvilið Dalasýslu vaktina. Í Vínlandssetri var kynning og hlustun á tónverkið „Elsku Borga mín“ eftir Atla Ingólfsson og þegar leið á kvöldið var gleðistund hjá þeim. Kvöldið endaði á stórdansleik í Dalabúð þar sem Stjórnin ásamt Herra Hnetusmjör héldu uppi fjöri fram á nótt.





Sunnudagurinn hófst á listasmiðju fyrir börn á öllum aldri í Dalíu undir leiðsögn Unnar Mjallar S. Leifsdóttur, þar var einnig boðið upp á andlitsmálningu fyrir börnin. Loftboltar mættu á íþróttavöllinn í dalnum þar sem var mikið um fjör. Gleðistund var á Hótel Laugum og Unnur endurtók svo leikinn með listasmiðju síðar um daginn í Dalíu. Sælureiturinn Árblik var með kaffihlaðborð og þar var einnig opnuð sýningin „Nr. 4 Umhverfing“ sem stóð svo yfir í allt sumar á Vestfjörðum, Ströndum og í Dölum.

Auk ofantaldra dagskrárliða var opið hjá fyrirtækjum og ferðaþjónum um allt sveitarfélagið þessa helgi. Má þar nefna Dalakot, Sælureitinn Árblik, Rjómbúið Erpsstaði, Dýragarðinn á Hólum, Handverkshópin Bolla, Blómalindina, Í leiðinni, Hótel Laugar, Sælingsdalslaug og Vínlandssetrið.

Opið var að Vogu á Fellsströnd þar sem einnig var í gangi sýningin „Rokk á flakki“, hægt var að bóka reiðtúr eða samverustund með hestum hjá Dalahestum. Ostar til sölu og smakks hjá Dalíu ásamt því að Alessa Brossmer sýndi videóverk á stórum skjá. Krambúðin átti 15 ára afmæli og bauð í tilefni af því upp á köku og ís yfir helgina ásamt ýmsum tilboðum.

Skreytingar voru: Grænn og/eða appelsínugulur sunnan megin í þorpínu. Rauður og/eða blár norðan megin í þorpínu. Gulur og/eða fjólublár í dreifbýlinu. Það var einstaklega gaman að sjá metnað íbúa í skreytingum sem setti skemmtilegan svip á sveitarfélagið.

Vill menningarmálanefnd Dalabyggðar þakka öllum þeim fjölmörgu aðilum sem lögðu hönd á plóg við að gera hátíðina okkar eins glæsilega og hún var. Allt frá því að koma að miðasölu og málningarvinnu yfir í að taka vel í þátttöku í dagskrá og bjóða upp á frábæra skemmtun þar sem allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi.